

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er því alfarið vísað á bug að ekki hafi verið fullnægt skilyrðum 3. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 varðandi tilkynningu til kröfuhafa. Var tilkynning skiptaráðanda í fullu samræmi við það sem áður nefnd lagagrein býður og var fyrirvarinn hæfilegur. Er niðurstaða máls þessa því sú að kröfu sóknaraðila er hafnað.

Gréta Baldursdóttir fulltrúi yfirborgarfógeta kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila um að meðferð kröfu hans í þrotabú E. Thorsteinsson hf. verði endurupptekin og honum gefinn kostur á að skýra hana og rökstyðja er hafnað.

Mánudaginn 13. apríl 1987.

Nr. 58/1986. **Herbert Ólason**

(Gunnar Sólnes hrl.)

gegn

Kolbrúnu Baldvinsdóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Hjónaskilnaður. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og þess að felld verði niður kyrrsetning, sem fram fór 8. desember 1984 í tilgreindum eignum hans. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að vextir verði 39% ársvextir frá 1. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 48% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1985, 45% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1986, 33%

ársvextir frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 27% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað að því er tekur til Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólness sf.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að fé því, sem um er deilt í málinu, hafi verið varið til greiðslu skulda, sem áfrýjanda var samkvæmt skilnaðarskilmálum aðila skylt gagnvart stefndu að annast greiðslu á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að því er varðar greiðslu á 254.477,84 krónum, enda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir því, að hve miklu leyti 5. liður í kröfum stefndu fyrir héraðsdómi varðar störf sem unnin voru fyrir hana sérstaklega.

Vextir vera dæmdir svo sem í dómsorði segir.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, dags. 1. desember 1986, krafðist stefnda staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þar á meðal á vaxtaákvæði hans. Eru því ekki efni til að leyfa hækkun vaxtakröfunnar vegna vaxtabreytinga eftir uppsögu héraðsdóms til þess tíma.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um kyrrsetningu.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Herbert Ólason, greiði stefndu, Kolbrúnu Baldvinsdóttur, 254.477,84 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 37% af 72.204,64 krónum frá 12. október 1983 til 20. s.m., 36% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 36% af 73.481,64 frá þeim degi til 20. s.m., 32% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. desember s.á., 25% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 22. s.m., 25% af 118.481,64 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5. febrúar s.á., 19% af 184.704,94 krónum frá þeim degi til 14. mars s.á., 19% af 189.833,74 krónum frá þeim degi til 25. s.m. og af 254.477,84 krónum frá þeim degi til 31. desember s.á., 30,8% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 37,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars s.á., 33% af sömu

fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% af sömu fjárhæð frá þeim degi til dómuppsögudags 25. nóvember s.á., 37,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 27% af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um staðfestingu kyrrsetningar á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefndu 150.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 25. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. nóvember sl., hefur Kolbrún Baldvinsdóttir, nnr. 5655-5538, ritari, til heimilis að Keilugrund 8, Reykjavík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 14. desember 1984 á hendur Herbert Ólasyni verslunarmanni nnr. 4009-0487, Skarðshlíð 30, Akureyri, og þeim Gunnari Sólnes, nnr. 3388-5881, hæstaréttarlögmanni, Aðalstræti 82, Akureyri, og Jóni Kr. Sólnes, nnr. 5188-3039, héraðsdómslögmanni, Aðalstræti 72, Akureyri, persónulega og f.h. Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. nnr. 6302-9718, Strandgötu 1, Akureyri.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfum á Gunnar Sólnes og Jón Kr. Sólnes persónulega, en hélt við kröfu sína á hendur þeim f.h. Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 254.477,84 ásamt 37% vöxtum á ári af kr. 72.204,64 frá 12. október 1983 til 20. s.m., en 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember s.á. og af kr. 73.481,64 frá þ.d. til 20. s.m., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 20. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þ.d. til 22. s.m., en af kr. 118.481,64 frá þ.d. til 20. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 5. febrúar s.á., en af kr. 184.704,94 frá þ.d. til 14. mars s.á., en af kr. 189.833,74 frá þ.d. til 25. s.m., en af kr. 254.477,84 frá þ.d. til 31. desember s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 31. janúar 1985 og 37,5% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að staðfest verði kyrrsetning á eignum stefnda, Herberts Ólasonar, sem fram fór 7. desember 1984.

Að lokum krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi og að tildæmdur málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá dómuppkvaðningu til greiðsludags.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi samkvæmt mati dómsins.

Þá er einnig gerð sú dómkrafa að löghald það, sem gert var í eignum stefnda Herberts Ólasonar hinn 7. desember 1984, verði felld úr gildi.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að þau stefndi Herbert Ólason hafi verið í hjúskap, sem lokið hafi með útgáfu skilnaðarleyfis 5. september 1983. Þau hafi þó áður gert með sér skilnaðarsamkomulag sem hafi verið fært til bókar þann 25. ágúst 1983 hjá bæjarfógetanum á Akureyri. Hafi samkomulagið m.a. kveðið svo á að stefnandi skyldi fá í sinn hlut út úr búinu eftirstöðvar útborgunar vegna sölu á húseigninni nr. 16. við Kotárgerði á Akureyri, er áhvílandi veðskuldir hefðu verið greiddar. Kveður stefnandi útborgunina hafa numið kr. 1.750.000,00 og að allar greiðslur hafi verið inntar af hendi af hálfu kaupanda fasteignarinnar hjá stefnda, Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólness sf. Lögmenn þar hafi farið með fjárreiður búsins í þágu stefnda Herberts Ólasonar. Kveðst stefnandi hafa fengið í sinn hlut kr. 141.254,61 af útborgunarfénu og verið tjáð að það væri endanlegt uppgjör. Kveður stefnandi skilnaðarsamkomulagið hafa verið vanefnt af hálfu stefnda Herberts Ólasonar því stefndi, Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólness sf., hafi í þágu stefnda Herberts Ólasonar nýtt útborgunarféð til að greiða aðrar skuldir búsins en áhvílandi veðskuldir á fasteigninni nr. 16 við Kotárgerði á Akureyri. Nánar tiltekið kveður stefnandi hafa verið um að ræða eftirtaldar greiðslur:

1. Greitt 12.10. 1983 v/Brunabótafélags Íslands	kr.	72.204,64
2. Greitt 02.11. 1983 v/uppbóðskostnaður	“	1.277,00
3. Greitt 23.12. 1983 v/Samvinnubankans Svalbarðseyri	“	45.000,00
4. Greitt 06.02. 1984 v/sama	“	66.223,30
5. Greitt 13.12. 1984 v/þóknunar til Málflutningsskrifst.	“	54.000,00
6. Greiddur kostnaður v/mism. seldra víxla og greiðslna	“	15.772,90

Samtals nemi greiðslur þessar kr. 254.777,84 eða stefnufjárhæðinni. Byggir stefnandi kröfu sína á hendur stefnda Herbert á því að komist hafi á bindandi samkomulag milli þeirra við skilnaðinn þess efnis að af söluandvirði fasteignarinnar Kotárgerði 16, Akureyri, skyldi stefnandi fá þann hluta útborgunarinnar sem eftir stæði er áhvílandi veðskuldir hefðu verið greiddar, auk þess helming veðskuldabréfs fyrir eftirstöðvum söluverðsins, en þann hluta söluandvirðisins hafi hún fengið. Aðrar skuldir bús þeirra hjóna hafi stefndi Herbert Ólason tekið að sér að greiða, þar á meðal þær

skuldir sem að framan eru taldar og greiddar voru af Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. Beri stefnda Herbert því að greiða stefnanda þá fjárhæð. Stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. hafi tekið að sér fyrir þau hjón í sameiningu að sjá um uppgjör á skuldum þeirra í samræmi við skilnaðarsamkomulagið. Hafi stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. þannig tekið að sér að gæta hagsmuna stefnanda í því sambandi. Stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. hafi brugðist þessum skyldum sínum með því að nota fé, sem stefnanda bar, til að greiða skuldir stefnda Herberts. Hafi Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. þannig orðið ábyrg fyrir greiðslu þessari til stefnanda. Þótt lítið væri þannig á að ekki hafi berum orðum komist á samningur milli stefnanda og stefnda Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. um að einungis skyldi greiða áhvilandi veðskuldir á Kotárgerði 16 með söluandvirði eignarinnar þá sé stefnda allt að einu ábyrg þar sem Gunnar Sólnes lögmaður hafi verið viðstaddur er stefnandi og stefndi Herbert Ólason gerðu skilnaðarsamkomulagið og hafi honum verið fullkunnugt um efni þess og því borið að taka fullt tillit til þess við uppgjörið, en það hafi hann ekki gert. Sé krafa stefnanda á hendur stefndu Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. byggð á framangreindu.

Stefndu kveða hjúskapareign stefnanda og stefnda Herberts, Króksstaði í Öngulsstaðahreppi, hafa verið í uppboðsrétti til sölu á nauðungaruppboði til lúkningar áhvilandi veðskuldum og fjárnámum. Tilboð í eignina hafi borist frá Stefáni Bjarnasyni og hafi uppboðsbeiðendur samþykkt að eignin yrði seld frjálsri sölu, en að þeir fengju jafnframt veð í húseigninni nr. 16 við Kotárgerði á Akureyri og sú eign yrði jafnframt þegar í stað sett í sölu. Samkvæmt þessu hafi allar kröfur verið fluttar af Króksstöðum yfir á Kotárgerði 16 að undanskildum veðkröfum sem kaupandi tók að sér og tvö skuldabréf (sic), annað í eigu Brunabótafélags Íslands og hitt í eigu Samvinnubanka Íslands, útibúsins á Svalbarðseyri. Ástæðan fyrir því að þessi skuldabréf hafi ekki verið flutt hafi verið sú að bæði þessi skuldabréf hafi verið gjaldfallin og í vanskilum. Húseignin Kotárgerði 16, Akureyri hafi síðan verið seld hinn 8. júlí 1983 og Gunnari Sólnes hrl. falið að ganga frá uppgjöri og greiðslum til þeirra aðila sem höfðu beiðst uppboðs á Króksstöðum. Telja stefndu að engar vanefndir hafi átt sér stað gagnvart stefnanda og allar þær greiðslur, sem inntar hafi verið af hendi af hálfu Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf., hafi verið í þágu stefnanda og stefnda Herberts og hafi átt fullan rétt á sér. Greiðsla samkvæmt 1. lið v/ Brunabótafélags Íslands hinn 12. október 1983 hafi verið til lúkningar veðskuldabréfi tryggðu með veði í Króksstöðum, sem ekki hafi verið flutt yfir á Kotárgerði 16. Liður nr. 2 sé greiðsla á uppboðskostnaði vegna tveggja skuldabréfa sem tryggð hafi verið með veði í Króksstöðum og í eigu Brunabótafélags Íslands og Samvinnubanka Íslands, Svalbarðseyri. Um greiðslu-

liði nr. 3 og 4 vegna Samvinnubankans, Svalbarðseyri, sé sama að segja og um greiðslulið 1. Greiðsluliður 5 sé þóknun til Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. Sé um að ræða þóknun fyrir að taka við öllum greiðslum og annast uppgjör á áhvilandi kröfum. Ekki hafi staðið til að framkvæma þetta verk án greiðslu og skilnaðarsamkomulag stefnanda og stefnda Herberts hafi engu þar um breytt. Greiðsluliður 6 sé kostnaður vegna mismunar seldra víxla og greiðslna, kr. 15.772,90. Sé hér um að ræða forvæxti og kostnað af tveimur víxlum sem hafi verið seldir, en kaupendur að Kotárgerði 16 höfðu samþykkt víxlana fyrir öllum greiðslum samkvæmt útborgun. Talið hafi verið ráðlegra að selja framangreinda víxla til þess að nota andvirði þeirra til greiðslu á kröfum sem voru með fullum dráttarvöxtum. Mismunur víxilvaxta og dráttarvaxta hafi því komið stefnanda til góða í þessu tilviki.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr hjónaskilnaðarbók fyrir embætti bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu varðandi fyrirtöku á hjónaskilnaðarmáli stefnanda og stefnda Herberts Ólasonar hinn 25. ágúst 1983. Að því er varðar skiptingu bús þeirra er eftirfarandi bókað: „Konan fái í sinn hlut eftirstöðvar útborgunar v/sölu á húseigninni Kotárgerði 16, Akureyri, er áhvilandi veðskuldir hafa verið greiddar, en veðskuldabréf tryggt með veði í eigninni að fjárhæð kr. 484.000; skiptist að jöfnu milli þeirra. Maðurinn fái í sinn hlut hesthús að Granaskjólí 3, Akureyri, svo og fjögur tryppi, en í hlut konu komi gæðingurinn Cesar. Innbúi hefur þegar verið skipt. Maðurinn tekur að sér greiðslu allra annarra skulda búsins, þar með talin álögð opinber gjöld beggja árána 1982 og 1983.

Það er álit dómsins að samkvæmt bókun þessari hafi maðurinn, þ.e. stefndi Herbert Ólason, tekið að sér einn greiðslu þeirra krafna og skulda er fasteignin Kotárgerði 16 stóð eigi að veði fyrir. Ágreiningslaust er að greiðslur þær, er mál þetta varðar, fóru til greiðslu skulda er ekki voru tryggðar með veði í framangreindri eign. Verður stefndi Herbert því dæmdur til að endurgreiða stefnanda fjárhæð þá ásamt vöxtum sem krafist er í máli þessu.

Fram er komið í málinu að greiða þurfi af fé búsins ýmsar aðrar skuldir en þær veðskuldir er hvíldu á Kotárgerði 16 þá er framangreint samkomulag var gert, þar á meðal skuldir þær er stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. innti af hendi. Ekki er annað fram komið en að stefnandi og stefndi Herbert Ólason hafi bæði borið ábyrgð á greiðslu skulda þessara gagnvart skuldareigendum. Verður því ekki á það fallist að stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. hafi með því að inna framangreindar greiðslur af hendi orðið ábyrg fyrir endurgreiðslu þeirra til stefnanda, enda ósannað að samningur hafi komist á milli stefnanda og stefnda Málflutn

ingsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. um að greiðslur skulda búsins skyldu einskorðaðar við framangreint skilnaðarsamkomulag. Verður stefnda Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf. því sýknuð í máli þessu.

Þá ber að staðfesta löghald það er fram fór 8. desember 1984 í eignarhlutdeild stefnda Herberts Ólasonar í hesthúsi að Granaskjóli 3, Akureyri, og bifreið af gerðinni BMW A-3080, árgerð 1980, eða andvirði hennar hafi hún verið seld, svo og húsgrunni að Stapasíðu 16 eða 18. Að lokum ber að dæma stefnda Herbert til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 140.278,00. Reikningur þessi hefur eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu og verður því við hann miðað við ákvörðun málskostnaðar. Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnanda um dráttarvexti á þá fjárhæð.

Að því er varðar stefndu Málflutningsskrifstofu Gunnars Sólnes sf. þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Herbert Ólason, greiði stefnanda, Kolbrúnu Baldvinsdóttur, kr. 254.477,84 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 72.204,64 frá 12. október 1983 til 20. s.m., en 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember s.á. og af kr. 73.481,64 frá þ.d. til 20. s.m., en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 20. des. s.á., en 25% ársvöxtum frá þ.d. til 22. s.m. og af kr. 118.481,64 frá þ.d. til 20. jan. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 5. febrúar s.á. og af kr. 184.704,94 frá þ.d. til 14. mars s.á. og af kr. 189.833,74 frá þ.d. til 25. s.m. og af kr. 254.477,84 frá þ.d. til 31. des. s.á., en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 31. jan. 1985, en 37,5% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og kr. 140.278,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnda, Málflutningsskrifstofa Gunnars Sólnes sf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Framangreint löghald er staðfest.